

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/1584****2019/EES/44/05****frá 22. október 2018**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 22. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með b-lið 3. mgr. 25. gr. 1 í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 <sup>(2)</sup> er leyft að bæta við náttúrulegt fóður í áframeldi þursarækju og ferskvatnsrækju (*Macrobrachium* spp.) eins og um getur í 7. þætti XIII. viðauka a við þá reglugerð. Á fyrri lífsstigum í útungunar- og klakstöðvum er nauðsynlegt fyrir þroska þessara rækja að bætt sé við fóður, einkum með tilliti til þarfar fyrir kólesteról. Því er nauðsynlegt að bæta kólesteróli í fóður þessara rækja einnig á fyrri lífsstigum þeirra.
- 2) Í samræmi við f-lið 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 má nota steinefni (þ.m.t. snefilefni), vítamín, amínósýrur og snefilefni við vinnslu lífrænna matvæla aðeins að því tilskildu að lög mæli fyrir um notkun þeirra í viðkomandi matvælum. Samkvæmt dómi Evrópudómstólsins í máli C-137/13 <sup>(3)</sup> mæla lög aðeins fyrir um notkun þessara efna í vinnslu lífrænna matvæla ef þess er krafist með beinum hætti samkvæmt ákvæði í lögum Sambandsins eða ákvæði í landslögum, sem samræmist þeim, að efninu sé bætt í matvæli til að viðkomandi matvæli geti verið sett á markað.
- 3) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 <sup>(4)</sup> verður notkun steinefna (þ.m.t. snefilefna), vítamína, amínósýra eða snefilefna í lífrænar ungbarnablöndur og stoðblöndur og unnin lífræn matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat leyfð þegar notkun þeirra er leyfð í viðkomandi löggjöf Sambandsins. Til að forðast gjá milli núverandi túlkunar á notkun þessara efna í matvæli fyrir ungbörn og smábörn og til að tryggja samræmi við væntanlega löggjöf varðandi lífræn matvæli þykir rétt að leyfa notkun þeirra í framleiðslu lífræns barnamatar fyrir ungbörn og smábörn.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 264, 23.10.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjútíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

(3) Dómur Evrópudómstólsins frá 5. nóvember 2015, C-137/13, ECLI:EU:C:2014:2335.

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 (Stjútíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1).

- 4) Með ákvæðum 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 er heimilt fram til 31. desember 2017, við ákveðin skilyrði og ef lífrænt aldar unghænur standa ekki til boða, að flytja ólífrænt aldar unghænur til eggjaframleiðslu, sem eru ekki eldri en 18 vikna, inn í lífræna framleiðslueiningu.
- 5) Framleiðsla á lífrænt öldum unghænum til eggjaframleiðslu er ekki af nægum gæðum eða í nægu magni á markaði Sambandsins til að uppfylla þarfir bænda með varphænur. Í því skyni að gefa meiri tíma til framleiðslu á lífrænt öldum unghænum til eggjaframleiðslu og til að setja ítarlegar reglur um framleiðslu á lífrænt öldum unghænum ætti að framlengja gildistíma reglna um framleiðslu í sérstökum undantekningartilvikum að því er varðar ólífrænt aldar unghænur til eggjaframleiðslu, sem eru ekki eldri en 18 vikna, til 31. desember 2020.
- 6) Með 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 er leyft að nota að hámarki 5% af ólífrænu prótínfóðri fyrir svín og alifugla á 12 mánaða tímabili fyrir almanaksárið 2018.
- 7) Framboð á lífrænt ræktuðu prótíni, bæði með tilliti til magns og gæða, á markaði Sambandsins er ekki nægilegt til að uppfylla næringarþarfir svína og alifugla sem eru alin á lífrænum býlum. Framleiðslan á lífrænt ræktuðum prótínjurtum annar ennfá ekki eftirspurn. Því er rétt að framlengja tímabilið þar sem notkun á takmörkuðu hlutfalli af ólífrænu prótínfóðri er leyfð fyrir svín og alifugla til 31. desember 2020.
- 8) Í 2. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er kveðið á um miðlun upplýsinga í tengslum við frávik eða brot sem hafa áhrif á það hvort vara telst lífræn framleiðsla. Reynslan sýnir að bæta þurfi núverandi tækni til að veita upplýsingar þegar aðildarríki verður vart við brot eða frávik að því er varðar vöru frá því aðildarríki. Til að bæta skilvirkni og árangur ættu slík samskipti að fara fram í gegnum kerfið sem um getur í 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.
- 9) Í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, hafa nokkur aðildarríki lagt fram máls skjöl um tiltekin efni til hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að fá leyfi fyrir efnunum og bæta þeim við í I. og II. viðauka og VIII. a við reglugerð (EB) nr. 889/2008. Þessi máls skjöl voru yfirfarin af sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu (hér á eftir nefndur sérfræðingahópurinn) og framkvæmdastjórninni.
- 10) Í ráðleggingum sínum að því er varðar áburð<sup>(1)</sup> komst sérfræðingahópurinn meðal annars að þeirri niðurstöðu að efnin „kalkleðja úr sykurfarmleiðslu“ úr sykurreyr og „xýlít“ séu í samræmi við markmið og meginreglur lífrænnar framleiðslu. Því ætti að skrá þessi efni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008.
- 11) Í ráðleggingum sínum að því er varðar plöntuverndarvörur<sup>(2)</sup> komst sérfræðingahópurinn meðal annars að þeirri niðurstöðu að efnin „*Allium sativum* (hvítlaukskjarni)“, „COS-OGA“, „*Salix* spp. Cortex (einnig þekkt sem víðibörkur)“ og „natríumvetniskarboronat“ séu í samræmi við markmið og meginreglur lífrænnar framleiðslu. Því ætti að skrá þessi efni í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008.
- 12) Í ráðleggingum sínum að því er varðar vörur og efni sem eru notuð eða bætt í lífrænar vörur á tilteknum stigum í framleiðsluferlinu og sem tegund meðhöndlunar í samræmi við I. viðauka A við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009<sup>(3)</sup> í vingeiranum<sup>(4)</sup> komst sérfræðingahópurinn meðal annars að þeirri niðurstöðu að efnin „kartöfluprótein“, „gerprótínkjarnar“ og „kítósan sem er fengið úr *Aspergillus niger*“ til fellingar (10. liður I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009), „óvirkt ger, sjálfrofin grefni og frumuveggir gersveppa“ til viðbótar (15. liður þess viðauka), „mannóprótein úr geri“ og „kítósan sem fengið er úr *Aspergillus niger*“ til notkunar (6., 35. og 44. liður þess viðauka) séu í samræmi við markmið og meginreglur lífrænnar framleiðslu. Því ætti að skrá þessi efni í VIII. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 889/2008.
- 13) Í ráðleggingum sínum að því er varðar vörur til hreinsunar og sótthreinsunar<sup>(5)</sup> komst sérfræðingahópurinn meðal annars að þeirri niðurstöðu að einnig ætti að vera hægt að nota natríumhýdroxíð til lífrænnar býræktar.
- 14) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.

(1) Final Report on Fertilisers (II) (lokaskýrsla um áburð (II)) [https://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports\\_en](https://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports_en).

(2) Final report on plant protection (III) (lokaskýrsla um plöntuvernd (III)) [https://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports\\_en](https://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports_en).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (Stjtd. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1).

(4) Final report on Wine (lokaskýrsla um vín) [https://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports\\_en](https://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports_en).

(5) Final report on cleaning and disinfecting (lokaskýrsla um hreinsun og sótthreinsun) [https://ec.europa.eu/agriculture/organic/sites/orgfarming/files/docs/body/final\\_report\\_egtop\\_on\\_cleaning\\_disinfection\\_en.pdf](https://ec.europa.eu/agriculture/organic/sites/orgfarming/files/docs/body/final_report_egtop_on_cleaning_disinfection_en.pdf)

- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 25. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Að því er varðar hreinsun og sóthreinsun á römmum, býflugnabúum og vaxkökum með hunangi má nota natríumhýdroxíð.

Eingöngu er heimilt að nota nagdýraeitur (eingöngu til notkunar í gildrum) og viðeigandi efni, sem tilgreind eru í II. viðauka, til að verja ramma, býflugnabú og vaxkökur með hunangi, einkum gegn skaðvöldum.“

- 2) Í stað b-liðar 3. mgr. 25. gr. l kemur eftirfarandi:

„b) fódurskammtur fyrir þursarækjur og ferskvatnsrækjur (*Macrobrachium* spp.) sem um getur í 7. þætti XIII. viðauka a má innihalda að hámarki 25% fiskimjöl og 10% fisklýsi sem fengið er úr sjálfbærum sjávarútvegi. Til að tryggja að magnþörf þessara rækja að því er varðar fóður sé uppfyllt má nota lífrænt kólesteról sem viðbót við fæðu þeirra. Þegar lífrænt kólesteról er ekki tiltækt má nota ólífrænt kólesteról sem fengið er úr ull, skelfiski eða öðrum uppsprettum. Sá valkostur að bæta kólesteróli í fæðu þeirra á bæði við um áframeldi og fyrri lífsstig í útungunar- og klakstöðvum.“

- 3) Í stað f-liðar 1. mgr. 27. gr. kemur eftirfarandi:

„f) steinefni (þ.m.t. snefilefni), vítamín, amínósýrur og snefilefni, að því tilskildu að:

i. „lög mæli beint fyrir um“ notkun þeirra í matvæli til venjulegrar neyslu, í þeim skilningi að mælt sé fyrir um notkun þeirra með beinum hætti í ákvæðum í lögum Sambandsins eða ákvæðum í landslögum, sem samræmast þeim, með þeim afleiðingum að ekki má setja matvælin á markað sem matvæli til venjulegrar neyslu ef þeim steinefnum, vítamínum, amínósýrum eða snefilefnum hefur ekki verið bætt við, eða

ii. að því er varðar matvæli sem sett eru á markað sem matvæli sem hafa sérstök einkenni eða áhrif í tengslum við heilbrigði eða næringu eða í tengslum við þarfir tiltekinna hópa neytenda:

— í vörum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 (\*) er notkun þeirra leyfð með þeirri reglugerð og gerðum sem samþykktar eru á grundvelli 1. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar varðandi viðkomandi vörur,

— í vörum sem reglur hafa verið settar um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB (\*\*) er notkun þeirra leyfð með þeirri tilskipun eða

— í vörum sem reglur hafa verið settar um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB (\*\*\*) er notkun þeirra leyfð með þeirri tilskipun.

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum lækisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtið. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

(\*\*) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtið. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16).

(\*\*\*) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB (Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1).“

- 4) Í b-lið 42. gr. kemur dagsetningin „31. desember 2020“ í stað „31. desember 2018“.

- 5) Í stað annarrar undirgreinar 43. gr. kemur eftirfarandi:

„Mesta leyfilega hlutfall af ólífrænu prótínföðri á hverju 12 mánaða tímabili fyrir þessar tegundir skal vera 5% fyrir almanaksárin 2018, 2019 og 2020.“

6) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við 92. gr. a:

„1a. Verði aðildarríki vart við brot á reglum eða frávik í tengslum við beitingu þessarar reglugerðar að því er varðar vöru sem kemur frá því aðildarríki og er með merkingar eins og um getur í IV. bálki reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og í III. bálki þessarar reglugerðar eða XI. viðauka við þessa reglugerð, og ef slík brot á reglum eða frávik hafa afleiðingar fyrir eitt eða fleiri önnur aðildarríki skal það tilkynna viðkomandi aðildarríki eða aðildarríkjum, hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þar um án tafar í gegnum kerfið sem um getur í 1. mgr. 94. gr. þessarar reglugerðar.“

7) Í stað I. viðauka kemur textinn í I. viðauka við þessa reglugerð.

8) Í stað II. viðauka kemur textinn í II. viðauka við þessa reglugerð.

9) Í stað VIII. viðauka a kemur textinn í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. október 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

## „I. VIÐAUKI

**Áburður, jarðvegsnáring og næringarefni sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. d***Athugasemd:*

A: Heimilt samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91 og yfirfært með c-lið 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007

B: Heimilt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007

Heimild	Heiti Samsettar afurðir eða afurðir sem innihalda aðeins efni sem tilgreind eru hér á eftir:	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Húsdýraáburður	Afurð sem er blanda af húsdýraskít og plöntuefni (hálmur). Ekki úr verksmiðjubúskap
A	Þurrkaður húsdýraáburður og þurrkaður alifuglaáburður	Ekki úr verksmiðjubúskap
A	Myлтаður húsdýraskítur, þ.m.t. ali- fuglaáburður og myлтаður húsdýra- áburður	Ekki úr verksmiðjubúskap
A	Fljótandi húsdýraúrgangur	Notkun eftir stýrða gerjun og/eða hæfilega þynningu Ekki úr verksmiðjubúskap
B	Myлтаð eða gerjuð blanda af húsasorpi	Afurð fengin úr flokkuðu húsasorpi, sem hefur verið myлтаð eða beitt loftfirtri gerjun til að framleiða lífgas Einungis húsasorp úr jurta- og dýraríki Einungis ef það er framleitt í lokuðu og vöktuðu söfnunarkerfi sem aðildarríkið samþykkir Hámarksstyrkur í mg/kg af þurrefni: kadmíum: 0,7, kopar: 70, nikkell: 25, blý: 45, sink: 200, kvikasilfur: 0,4, króm (samtals): 70, króm (VI): ógreinanlegt
A	Mór	Notkun takmörkuð við garðyrkju (garðyrkja í atvinnuskyni, blómarækt, trjárækt, gróðrarstöð)
A	Úrgangur frá svepparæktun	Upprunaleg samsetning næringarefnablöndunnar skal takmarkast við afurðirnar í þessum viðauka
A	Úrgangur frá ormum (ormamolta) og skordýrum	
A	Gúanó	
A	Myлтаð eða gerjuð blanda úr plöntu- efni	Afurð fengin úr blöndum plöntuefnis, sem hafa verið myлтаðar eða beittar loftfirtri gerjun til að framleiða lífgas
B	Lífgasmelta sem inniheldur auka- afurðir úr dýrum sem hafa verið brotnar niður ásamt efni úr jurta- eða dýraríkinu eins og tilgreint er í þessum viðauka	Aukaafurðir úr dýrum (þ.m.t. aukaafurðir úr villtum dýrum) úr 3. flokki og innihald meltingarvegar úr 2. flokki (2. og 3. flokkur eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 (1)) skulu ekki koma úr verksmiðjubúskap.

Heimild	Heiti Samsettar afurðir eða afurðir sem innihalda aðeins efni sem tilgreind eru hér á eftir:	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
		Vinnsluáðferðirnar verða að vera í samræmi við reglugerð framkvæmda- stjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 (2). Ekki til notkunar á æta hluta nytjaplantnanna
B	Eftirfarandi afurðir eða aukaafurðir úr dýraríkinu: Blóðmjöl Mjöl úr hófum og klaufum Mjöl úr hornum Beinamjöl eða gelatínsneytt beinamjöl Fiskimjöl Kjötmjöl Fjaðrir, hár og „chiquette“-mjöl Ull Loðskinn (1) Hár Mjólkurafurðir Vatnsrofin prótín (2)	1) Hámarksstyrkur í mg/kg af þurrefni úr krómi (VI): ógreinanlegt 2) Ekki til notkunar á æta hluta nytjaplantnanna
A	Afurðir og aukaafurðir úr jurtaríkinu sem notaðar eru í áburði	Dæmi: mjöl úr olúkökum, kakóhýði, maltsþírur
B	Vatnsrofin prótín úr jurtaríkinu	
A	Þang og þari og afurðir úr þangi og þara	Þegar þær eru fengnar með: i. eðlisrænum aðferðum, þ.m.t. vatnsneyðingu, frystingu og mölun ii. útdrætti með vatni eða vatnskenndri sýru og/eða basískri lausn iii. gerjun
A	Sag og viðarspærir	Viður sem hefur ekki verið efnafræðilega meðhöndlaður eftir að hann var höggvinn
A	Myltur börkur	Viður sem hefur ekki verið efnafræðilega meðhöndlaður eftir að hann var höggvinn
A	Viðaraska	Af viðri sem hefur ekki verið efnafræðilega meðhöndlaður eftir að hann var höggvinn
A	Lint, mulið hráfosfat	Vara eins og tilgreint er í 7. lið I. viðauka A.2. við reglugerð Evrópu- þingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 (3) um áburð Kadmíuminnihald ekki meira en 90 mg/kg P205
A	Álkalsíumfosfat	Vara eins og tilgreint er í 6. lið I. viðauka A.2. við reglugerð (EB) nr. 2003/2003. Kadmíuminnihald ekki meira en 90 mg/kg P205 Notkun takmörkuð við basískan jarðveg (pH > 7,5)
A	Basískt gjall	Vörur eins og tilgreindar eru í 1. lið I. viðauka A.2. við reglugerð 2003/2003
A	Kalíumhrásalt eða kaínít	Vörur eins og tilgreindar eru í 1. lið I. viðauka A.3. við reglugerð 2003/2003

Heimild	Heiti Samsettar afurðir eða afurðir sem innihalda aðeins efni sem tilgreind eru hér á eftir:	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Kalíumsúlfat sem inniheldur hugsanlega magnesíumsalt	Vara fengin úr kalíumhrásalti með eðlisfræðilegri útdráttaraðferð og inniheldur hugsanlega einnig magnesíumsölt
A	Eimingarsafi og eimingarsafa-útdráttur	Að undanskildum ammóníumeimingarsafa
A	Kalsíumkarbónat (kalksteinn, mergill, malaður kalksteinn, þörungakalk (Breton ameliorant), fosfatkalksteinn)	Aðeins af náttúrulegum uppruna
A	Magnesíum og kalsíumkarbónat	Aðeins af náttúrulegum uppruna t.d. magnesíumkalk, mulið magnesíum, kalksteinn
A	Magnesíumsúlfat (kíserít)	Aðeins af náttúrulegum uppruna
A	Kalsíumklóríðlausn	Meðhöndlun laufblaða á eplatrjám eftir að kalsíumskortur hefur komið í ljós
A	Kalsíumsúlfat (gifs)	Vörur eins og tilgreindar eru í 1. lið I. viðauka D við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 Aðeins af náttúrulegum uppruna
A, B	Kalkleðja úr sykurframleiðslu	Aukaafurð sem fellur til við sykurframleiðslu úr sykkurrófum og sykurreyr
A	Kalkleðja úr vakúmsaltframleiðslu	Aukaafurð sem fellur til við framleiðslu á vakúmsalti úr saltvatni sem finnst í fjöllum
A	Brennisteinn sem frumefni	Vörur eins og tilgreindar eru í I. viðauka D.3 við reglugerð 2003/2003
A	Snefilefni	Ólífræn snefilefni eins og tilgreind eru í E-hluta I. viðauka við reglugerð 2003/2003
A	Natríumklóríð	Aðeins óhreinsað salt (e. <i>mined salt</i> )
A	Steinduft og leir	
B	Leónardít (óunnið, lífrænt set, auðugt af moldarsýru)	Einungis ef það er aukaafurð úr námuvinnslu
B	Xýlít	Einungis ef það er aukaafurð úr námuvinnslu (t.d. aukaafurð úr brúnkolvinnslu)
B	Kítín (fjölsykra sem er fengin úr skeljum krabbadýra)	Einungis ef það er fengið úr sjálfbærum sjávarútvegi, eins og skilgreint er í e-lið 3. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2371/2002 <sup>(4)</sup> eða úr lífrænu lagareldi
B	Set, auðugt af lífrænu efni úr ferskvatnshlotum, sem myndast án þess að súrefni komi þar nærri (t.d. saprópel)	Einungis lífrænt set sem er aukaafurð úr vatnsstjórnun ferskvatnshlota eða dregið út úr svæðum sem voru áður ferskvatnssvæði Þegar það á við skal útdrátturinn gerður á þann hátt sem hefur sem minnst áhrif á lagarkerfið Einungis set sem er af uppruna sem er laus við mengun af völdum varnarefna, þrávirkra, lífrænna mengunarefna og bensínlíkra efna

Heimild	Heiti Samsettar afurðir eða afurðir sem innihalda aðeins efni sem tilgreind eru hér á eftir:	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
		Hámarksstyrkur í mg/kg af þurrefni: kadmíum: 0,7, kopar: 70, nikkell: 25, blý: 45, sink: 200, kvikasilfur: 0,4, króm (samalt): 70, króm (VI): ógreinanlegt

- (<sup>1</sup>) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).
- (<sup>2</sup>) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtið ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).
- (<sup>3</sup>) Stjtið. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.
- (<sup>4</sup>) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2371/2002 frá 20. desember 2002 um varðveislu og sjálfbæra nýtingu fiskiaufðinda innan sameiginlegu sjávarútvegsstefunnar (Stjtið. EB L 358, 31.12.2002, bls. 59).“



## II. VIÐAUKI

## „II. VIÐAUKI

## Varnarefni — Plöntuverndarvörur eins og um getur í 1. mgr. 5. gr.

Öll efni sem tilgreind eru í þessum viðauka skulu a.m.k. uppfylla skilyrðin fyrir notkun sem tilgreind eru í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 <sup>(1)</sup>. Strangari skilyrði fyrir notkun í lífrænni framleiðslu eru tilgreind í öðrum dálki í hverri töflu

## 1. Efni úr jurta- eða dýraríki

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
<i>Allium sativum</i> (hvítlaukskjarni)	
Asaðráktín, dregið út úr <i>Azadirachta indica</i> (Neem-tré)	
Grunnefni (þ.m.t.: lesítín, súkrósi, frúktósi, edik, mysa, kítósanhýdróklóríð <sup>(2)</sup> og <i>Equisetum arvense</i> o.s.frv.)	Einungis þau grunnefni, eins og þau eru skilgreind í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 <sup>(2)</sup> , sem eru matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, og eru upprunnin í jurta- eða dýraríkinu Efni sem á ekki nota sem illgresiseyða heldur eingöngu til varnaraðgerða gegn skaðvöldum og sjúkdómum.
Bývax	Einungis sem efni til að meðhöndla sár á trjám/til að vernda sár
COS-OGA	
Vatnsrofin prótín, þó ekki gelatín	
Lamínarín	Þari skal annaðhvort ræktaður lífrænt í samræmi við 6. gr. d eða uppskorinn á sjálfbæran hátt í samræmi við 6. gr. c
Ferómón	Einungis í gildrum og skammtara.
Plöntuolúr	Öll notkun heimil nema sem illgresiseyðir.
Pýretrín, dregið út úr <i>Chrysanthemum cinerariaefolium</i>	
Pýretróíð (aðeins deltametrín eða lambdasýhalótrín)	Eingöngu í gildrum með sérstöku löðunarefni; eingöngu gegn <i>Bactrocera oleae</i> og <i>Ceratitis capitata</i> Wied
Sviðatré, dregið út úr <i>Quassia amara</i>	Einungis sem skordýraeitur, fæliefni
Efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör	Einungis á óæta hluta nytjaplantna og þar sem sauðfé eða geitur éta ekki nytjaplöntur
<i>Salix</i> spp. Cortex (einnig þekkt sem víðibörkur)	

<sup>(1)</sup> Fengið úr sjálfbærum sjávarútvegi eða lífrænu lagareldi

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

## 2. Örverur eða efni sem er framleitt með örverum

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
Örverur	Ekki úr erfðabreyttum lífverum
Spínósað	

<sup>(1)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

## 3. Önnur efni en þau sem tilgreind eru í 1. og 2. lið

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði eða takmarkanir á notkun
Álsílikat (kaólín)	
Kalsíumhýdroxíð	Ef notað sem sveppaeyðir, aðeins í aldintrjám, þ.m.t. í gróðrarstöðvum, til varnar gegn <i>Nectria galligena</i>
Koltvísýringur	
Koparefnasambönd í formi: koparhýdroxíðs, koparoxýklóríðs, koparoxíðs, Bordeaux-blöndu og tribasíks koparsúlfats	Allt að 6 kg af kopar á hektara á ári. Að því er varðar fjölæra ræktun er aðildarríkjunum heimilt, þrátt fyrir málsgreinina hér á undan, að kveða á um að fara megi yfir 6 kg mörkin fyrir kopar á tilteknu ári að því tilskildu að meðaltalsmagn sem er raunverulega notað á 5 ára tímabili, sem samanstendur af því ári og fjórum næstliðnum árum, fari ekki yfir 6 kg.
Díammóníumfosfat	Einungis sem löðunarefni í gildrum
Etýlen	Einungis má leyfa að efnið sé notað sem plöntuvaxtarstýriefni innanhúss. Leyfi skulu takmarkast við þá sem nota efnið í atvinnuskyni.
Fitusýrur	Öll notkun heimil nema sem illgresiseyðir
Járnfosfat (járn (III) ortófosfat)	Efnablöndur sem á að sprauta á yfirborðið milli ræktaðra plantna
Kísilgúr	
Brennisteinskalk (kalsíumpólýsúlfíð)	
Paraffínolía	
Kalíum- og natríumvetniskarbnat (einnig þekkt sem kalíumbíkarbnat/natríumbíkarbnat)	
Kvarssandur	
Brennisteinn“	

## III. VIÐAUKI

## „VIII. VIÐAUKI a

## Vörur og efni sem eru leyfð til notkunar eða viðbótar í lifrænar vörur í vingeiranum sem um getur í 29. gr. c

Tegund meðhöndlunar í samræmi við I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009	Heiti varanna eða efnanna	Sértæk skilyrði og takmarkanir innan þeirra marka og skilyrða sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og reglugerð (EB) nr. 606/2009
1. liður: Notkun til loftunar eða súrefnismettunar	— Loft — Loftkennt súrefni	
3. liður: Skiljun í skilvindu og síun	— Perlustein — Sellulósi — Kísilgúr	Notkun eingöngu sem hvarftregt síunarhjálparefni
4. liður: Notkun til að skapa óvirkar aðstæður og til að meðhöndla vöruna án þess að hún komist í snertingu við loft	— Köfnunarefni — Koltvísýringur — Argon	
5., 15. og 21. liður Notkun	— Gersveppir <sup>(1)</sup>	
6. liður: Notkun	— Díammóníumfosfat — Þíamínhýdróklóríð — Óvirkt ger, sjálfrofin gerefni og frumuveggir gersveppa	
7. liður: Notkun	— Brennisteinsdíoxíð — Kalíumbísúlfít eða kalíummetabísúlfít	a) Hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs skal ekki fara yfir 100 mg á lítra að því er varðar rauðvín, eins og um getur í a-lið 1. liðar A-hluta í I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009 og magn sykurleifa skal vera minna en 2 g á lítra, b) Hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs skal ekki fara yfir 150 mg á lítra að því er varðar hvítvín og rósavín, eins og um getur í lið b-lið 1. liðar A-hluta í I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009 og magn sykurleifa skal vera minna en 2 g á lítra, c) Að því er varðar öll önnur léttvín skal minnka hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs, sem gildir í samræmi við I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009 1. ágúst 2010, um 30 mg á lítra.
9. liður: Notkun	— Viðarkol til vínfræðilegrar notkunar	
10. liður: Felling	— Æt gelatín <sup>(2)</sup> — Plöntuprótein úr hveiti eða ertum <sup>(2)</sup> — Fiskilím <sup>(2)</sup> — Eggjahvíualbúmín <sup>(2)</sup> — Tannín <sup>(2)</sup> — Kartöfluprótein <sup>(2)</sup>	

Tegund meðhöndlunar í samræmi við I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009	Heiti varanna eða efnanna	Sértæk skilyrði og takmarkanir innan þeirra marka og skilyrða sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og reglugerð (EB) nr. 606/2009
	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Gerprótínkjarnar <sup>(2)</sup></li> <li>— Kasein</li> <li>— Kítósan sem er fengið úr <i>Aspergillus niger</i></li> <li>— Kalíumkaseinat</li> <li>— Kísildíoxíð</li> <li>— Bentónít</li> <li>— Pektólítísk ensím</li> </ul>	
12. liður: Notkun til sýringar	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Mjólkursýra</li> <li>— L(+)-vínsýra</li> </ul>	
13. liður: Notkun til afsýringar	<ul style="list-style-type: none"> <li>— L(+)-vínsýra</li> <li>— Kalsíumkarbónat</li> <li>— Hlutlaust kalíumtartrat</li> <li>— Kalíumbíkarbónat</li> </ul>	
14. liður: Viðbót	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Resín úr aleppófurum</li> </ul>	
17. liður: Notkun	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Mjólkursýrugerlar</li> </ul>	
19. liður: Viðbót	<ul style="list-style-type: none"> <li>— L-askorbínsýra</li> </ul>	
22. liður: Notkun til loftbólunar	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Köfnunarefni</li> </ul>	
23. liður: Viðbót	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Koltvísýringur</li> </ul>	
24. liður: Viðbót til að stöðga vín	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Sítrónusýra</li> </ul>	
25. liður: Viðbót	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Tannín <sup>(2)</sup></li> </ul>	
27. liður: Viðbót	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Metavínsýra</li> </ul>	
28. liður: Notkun	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Arabískt gúmmí <sup>(2)</sup></li> </ul>	
30. liður: Notkun	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Kalíumbítartrat</li> </ul>	
31. liður: Notkun	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Kúprísítrat</li> </ul>	
31. liður: Notkun	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Koparsúlfat</li> </ul>	
35. liður: Notkun	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Mannóprótín úr geri</li> </ul>	
38. liður: Notkun	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Eikarspæmir</li> </ul>	
39. liður: Notkun	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Kalíumalgínat</li> </ul>	
44. liður: Notkun	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Kítósan sem er fengið úr <i>Aspergillus niger</i></li> </ul>	
51. liður: Notkun	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Óvirkt ger</li> </ul>	
Tegund meðhöndlunar í samræmi við lið b-lið 2. liðar A-hluta í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 606/2009	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Kalsíumsúlfat</li> </ul>	Eingöngu fyrir „vino generoso“ eða „vino generoso de licor“

(1) Varðandi staka gerstofna: ef aðgengilegt, fengnir úr lífrænu hráefni.

(2) Fengið úr lífrænu hráefni ef það er aðgengilegt.“